

SAMÞYKKT

um hæsnahald utan skipulagðra landbúnaðarsvæða í Grindavíkurbæ.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Samþykkt þessi gildir um hæsnahald í Grindavíkurbæ á svæðum öðrum en skipulögðum landbúnaðarsvæðum og skráðum lögbýlum. Samþykktin er sett til að tryggja öryggi, hollustuhætti, góða umgengni og fullnægjandi mengunarvarnir vegna hæsnahalds í þéttbýli Grindavíkur.

Matvælastofnun fer með mál er varða lög um velferð dýra samkvæmt lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.

2. gr.

Leyfisveitingar.

Sækja skal um leyfi til að halda hænur á þar til gerðum eyðublöðum áður en hæsnahald hefst. Telji bæjarstjórn að skilyrði til hæsnahalds séu fyrir hendi þá getur hún veitt lögráða einstaklingi eða lögaðila leyfi til tiltekins tíma, að hámarki til 5 ára í senn.

Skipulags- og umhverfissvið í umboði bæjarstjórnar Grindavíkur, annast útgáfu leyfa og framkvæmd samþykktar þessarar.

Skilyrði leyfisveitinga eru:

- Að tilskilin leyfi byggingar- og skipulagsyfirvalda liggi fyrir.
- Að fyrir liggi samþykki annarra eigenda ef um fjöleignarhús er að ræða. Sama á við ef um er að ræða jörð eða fasteign í óskiptri sameign. Sé umsækjandi leigjandi skal fylgja samþykki leigusala.
- Ganga skal úr skugga um að hæsnahald hafi ekki verið sérstaklega bannað eða þinglýstar kvaðir séu á húseignum sem koma í veg fyrir að þar séu haldin hæsni.

Leyfilegt er að halda allt að sex hæsni á hverri lóð. Óheimilt með öllu er að halda hana.

Ekki er veitt leyfi hafi umsækjandi gerst brotlegur við lög um velferð dýra.

3. gr.

Lausaganga.

Lausaganga hæsna er með öllu óheimil og ber hæsnæigandi fulla vörsluskyldu. Hæsnæigandi er að öllu leyti ábyrgur fyrir hæsnum sínum og ber að koma í veg fyrir að hæsnahaldið valdi ónæði í umhverfinu, svo sem vegna hávaða, ólyktar og hvers konar óþrifnaðar.

Hæsnæiganda ber að sjá til þess að hæsnahaldið laði ekki að meindýr.

4. gr.

Handsömun.

Sleppi hæna frá eiganda eða umráðamanni skal viðkomandi tafarlaust gera ráðstafanir til að handsama hana. Hæsni í lausagöngu skal færa í geymslu á vegum Grindavíkurbæjar. Hæsna þarf að vitja innan þriggja sólarhringja frá handsömun, sé það ekki gert er heimilt að ráðstafa þeim til nýs eiganda eða þau aflífuð. Kostnaður við aflífun skal að fullu greiddur af leyfishafa.

5. gr.

Skil á handsömuðum fugli.

Hafi hæsnfugl verið handsamaður er óheimilt að afhenda hann fyrr en að lokinni greiðslu áfallins kostnaðar. Sé eigandi ekki með leyfi fyrir hæsnahaldi skal afla leyfis og greiða fyrir það áður en hæsni fæst afhent. Kostnaður við handsömun, geymslu eða aflífun hæsnfugls skal að fullu greiddur af eiganda.

6. gr.
Ónæði.

Til að koma í veg fyrir ónæði vegna hávaða ber að hafa myrkur hjá hænsnum frá kl. 21.00 til kl. 7.00 alla daga.

Þrifa þarf kofa að lágmarki vikulega. Skít skal fjarlægja við daglega umhirðu og hann má ekki safnast upp. Hæsnaskít skal farga eða nýta á löglegan hátt. Þegar mokað er úr húsum skal koma hæsnaskít fyrir í lokuðum umbúðum þannig að hann valdi ekki lyktarmengun. Þegar hæsnaskítur er nýttur sem áburður skal plægja hann niður þannig að hann liggi ekki á yfirborðinu. Ef ekki er unnt að nýta skít skal flytja hann í lokuðum umbúðum á móttökustöð fyrir lífrænan úrgang.

7. gr.
Kofar fyrir hænsni.

Á lóðum þar sem veitt er leyfi til hæsnahalds þarf að vera hæfilega stór kofi sem rúmar þann fjölda af hænum sem leyfi er veitt fyrir. Kofi fyrir sex hænur þarf að vera að lágmarki 3 m² að stærð. Í kringum hæsnakofa skal vera hæsnahelt gerði, hæfilega stórt fyrir útiveru hæsnanna. Hæsnakofi og gerði skulu vera vel innan lóðarmarka viðkomandi lóðar að lágmarki 3 m. Kofi skal vera meindýraheldur og fóður skal geyma í meindýraheldum ílátum. Leyfishafa ber að gera ráðstafanir til að tryggja að meindýr komist ekki í fóður. Til að fyrirbyggja að rottur komist í fóður skulu ílát vera í a.m.k. 35 cm hæð frá jörðu og vera u.þ.b. 60 cm djúp.

8. gr.
Afturköllun leyfis.

Bæjarstjórn getur afturkallað leyfi til hæsnahalds samkvæmt samþykkt þessari ef hæsnahaldið veldur ónæði í umhverfinu, ofnæmi, leyfishafi hefur gerst brotlegur við lög um velferð dýra eða brotið er gegn samþykkt þessari.

9. gr.
Sjúkdómar.

Komi upp sjúkdómar eða smithætta sem að mati sóttvarnalæknis og yfirdýralæknis geta skapað hættu fyrir heilbrigði manna, ber að hætta hæsnahaldi tafarlaust og farga fuglum í samráði við heilbrigðisnefnd Suðurnesja.

10. gr.
Eftirlit.

Samkvæmt 47. gr. laga nr. 7/1998 er það heilbrigðisnefnd Suðurnesja sem fer með eftirlit samkvæmt samþykkt þessari og skal nágranni sem verður fyrir ónæði eða óhollustu af hæsnahaldi leita til hennar.

11. gr.
Þvingunarúrræði.

Um þvingunarúrræði og viðurlög við brotum gegn ákvæðum samþykktar þessarar fer samkvæmt XVII. og XIX. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

12. gr.
Gjaldtaka.

Bæjarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá vegna leyfis til hæsnahalds í samræmi við 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að standa straum af kostnaði vegna framfylgdar á samþykkt þessari. Í gjaldskrá eru upplýsingar um leyfis- og eftirlitsgjöld og þann kostnað sem leyfishafi skal bera og kann að hljóta af handsömun, fóðrun og hýsingu hæsnanna.

13. gr.

Úrskurðarnefnd.

Um kærueimild til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna samþykktar þessarar fer skv. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

14. gr.

Staðfesting og gildistaka.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 31. ágúst 2023.

F. h. r.

Íris Bjargmundsdóttir.

Trausti Ágúst Hermannsson.